

Lög um Ferðamálastofu

Nr. 96/2018

VI. KAFLI

Viðurlög og ýmis ákvæði.

16. gr.

Öll þjónusta leyfishafa sem veitt er á rafrænan hátt skal vera í samræmi við lög um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

17. gr.

Stjórnvaldsákvarðanir Ferðamálastofu eru kæránlegar til ráðherra. Um málsmeðferð fer samkvæmt stjórnisýslulögum.

18. gr.

Ferðamálastofa innheimtir þjónustugjöld fyrir útgáfu leyfa samkvæmt lögum þessum. Gjaldskrá skal staðfest af ráðherra og birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Við ákvörðun gjalda skal leggja til grundvallar kostnað sem almennt hlýst af útgáfu leyfa.

19. gr.

Hver sá sem rekur leyfisskylda starfsemi án tilskilins leyfis eða ef starfsemi samkvæmt útgefnu leyfi er ekki í samræmi við leyfið skal sæta sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Ef leyfisskyld starfsemi samkvæmt lögum þessum er rekin án leyfis ber lögreglustjóra, að beiðni Ferðamálastofu, að stöðva starfsemina án fyrirvara eða aðvörunar, þar á meðal með lokun starfsstöðvar og lokun vefs, enda hafi ekki verið gefið út leyfi vegna leyfisskyldrar starfsemi, leyfi hafi verið fellt niður, það afturkallað eða leyfishafi sviptur því, eða leyfisskyld starfsemi farið út fyrir mörk útgefins leyfis.

20. gr.

Ef ekki er farið að fyrirmælum Ferðamálastofu samkvæmt lögum þessum getur stofnunin ákveðið að sá eða þeir sem fyrirmælin beinast að greiði dagsektir þar til farið hefur verið að þeim. Ferðamálastofu er jafnframt heimilt að leggja dagsektir á aðila sem uppfyllir ekki kröfur laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun sem varða tryggingarskyldu og á þá sem stunda leyfisskylda starfsemi án tilskilins leyfis, sbr. 19. gr.

Ákvörðun um dagsektir skal tilkynna bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Dagsektir geta numið frá 50 þús. kr. til 500 þús. kr. á dag.

Ákvörðun um dagsektir má skjóta til ráðherra innan fjórtán daga frá því að hún er kynnt þeim sem hún beinist að. Dagsektir reiknast ekki fyrir en frestur er liðinn.

Dagsektir eru aðfararhæfar að liðnum kærufresti en kæra til ráðherra frestar aðför uns endanleg niðurstaða liggur fyrir. Málshöfðun fyrir almennum dómstólum frestar ekki aðför.